

FORELDRAFÉLAG ÁLFTANESSKÓLA SKÝRSLA STJÓRNAR

2014–2015



Foreldrafélag

starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008

9.gr.

„Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins

- Að koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál í samráði við skólann
- Að veita skólanum lið, svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma
- Að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum
- Að koma á bekkjarfélögum í hverjum bekk innan skólans
- Að koma á samstarfi við foreldrafélög í öðrum skólum

Stjórn foreldrafélagsins 2014-2015



- **Sigrún Edda Eðvarðsdóttir**, formaður (2010-2015)
- **Guðríður Kristjánsdóttir**, varaformaður (2010-2015)
- **Ingólfur Th. Bachmann**, gjaldkeri (2012-)
- **Auður S. Arndal**, ritari (2013-)
- **Eiríkur Ágúst Guðjónsson**, meðstjórnandi (2011-)
- **Hafrún Þorvaldsdóttir**, meðstjórnandi (2012-)
- **Anna María Snorradóttir**, meðstjórnandi (2014-)

SKÓLARÁÐ

Hlutverk skólaráðs

- Samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald
- Tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstaraáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar
- Að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda

Skólaráð

Fulltrúar foreldra í skólaráði

- Jóhanna Snorradóttir, 2012-2014
- Anna María Karlsdóttir, 2013-2015
- Eiríkur Ágúst Guðjónsson (úr stjórn)

Skipunartími samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er til tveggja ára í senn.

SKOÐUNARMAÐUR REIKNINGA

Skoðunarmaður reikninga

- Kristján Jón Jónatansson (2014-

GRUNNSTOÐ

Grunnstoð

- Höfum frá sameiningu verið aðilar að Grunnstoð sem er samstarfsvettvangur Foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ
- Foreldrafélag Álftanesskóla hefur leitt starf Grunnstoða frá hausti 2014-2015
 - Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Foreldrafélags Álftanesskóla hefur verið formaður Grunnstoða í ár.
 - Jóhanna Snorradóttir fulltrúi foreldra í skólaráði hefur einnig setið í stjórn Grunnstoða og Anna María Karlsdóttir í skólaráði sem varamaður.



Stjórn Grunnstoða 2014-2015



Helstu verkefni Grunnstoða



- Vinnum að sameiginlegum hagsmunamálum Foreldrafélaga í Garðabæ
- Eigum tvo fundi með bæjarstjóra, einn að hausti (des) og annar að vori (júní)
- Sameiginlegur fræðslufundur einu sinni á ári haldinn á vorönn

HELSTU VERKEFNI FORELDRAFÉLAGSINS

2014-2015

ÁGÚST

Fundur með umsjónarkennurum

- Formaður Foreldrafélagsins átti fund með umsjónarkennurum Álftanesskóla fyrir skólabyrjun
- Ræddum hvernig við getum hlúð enn betur að foreldrastarfinu og hlutverki bekkjarfulltrúa
 - Áhersla á að umræðan um bekkjarfulltrúarstarfið fari fram í upphafi eða fljótlega í byrjun hvers fundar
 - Umsjónarkennurum sagt frá samantekt um hlutverk bekkjarfulltrúa sem dreifa á til nýrra bekkjarfulltrúa ásamt áætlun um helstu viðburði á vegum Foreldrafélagsins
- Í lok fundar var ákveðið að Foreldrafélagið ynni að samantekt um það sem gott getur verið að hafa í huga við afmæli skólabarna

Fyrsti áfangi skólalóðarinnar að taka á sig mynd og langþráð
aparóla komin upp.
Foreldrafélagið átti stóran þátt í því verkefni eftir síðasta
aðalfund okkar.



Anna María Karlsdóttir og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir skrifuðu grein um Foreldrarölt á Álftanesi í Tímarit Heimilis og skóla - ágúst 2014



20 | TÍMARIT HEIMILIS OG SKÓLA

FORELDRA- RÖLT Á ÁLFTANESI



Foreldrafélag Álftanesskóla hefur frá árinu 2008 staðið fyrir foreldrarölti á Álftanesi. Markmiðið með því er að hafa fyrirbyggjandi áhrif og gefa skýr skilaboð um sterkt og virkt foreldrasamfélag.

UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD
Á hverju hausti boðar stjórn foreldrafélagsins nýkjörna bekkjarfulltrúa til fundar þar sem lögð er áhersla á að kynna foreldraröltið, tilgang þess og verklag með það að markmiði að skapa jákvætt viðhorf til verkefnisins. Tilgangurinn með verkefninu er að gera foreldra meðvitaða um fyrirbyggjandi áhrif þess og undirstrika ótvírátt forvarnargildi góðs foreldrasamstarfs.

HVERJIR TAKA ÞÁTT?
Foreldrar allra árganga skólans, í 1. – 10. bekk, taka þátt í verkefninu en á Álftanesi hefur sá háttur verið hafður á að foreldrar eldri árganga skólans ganga tvisvar hvern skólavetur en foreldrar yngri árganga einu sinni yfir veturinn. Á hverju hausti er ný áætlun foreldrarölsins sett inn á heimasíðu skólans en á síðasta ári tók stjórn foreldrafélagsins að sér fyrsta rölt vetrarins 20. september. Eftir það tóku bekkjarfulltrúar og foreldrar við koll af kolli samkvæmt áætlun vetrarins.

SAMSTARF VÍÐ SKÓLA
Álftanesskóli hefur frá upphafi sýnt verkefninu mikinn áhuga og góðan stuðning en starfsmaður skólans sér m.a. um að minna bekkjarfulltrúa með tölvupósti á þeirra rölt með a.m.k. viku fyrirvara. Það er síðan hlutverk bekkjarfulltrúa hvers árgangs að minna foreldra á röltið og skipuleggja það. Sækja þarf tösku foreldrarölsins í skólann þar sem hún er geymd en í töskunni er að finna: síma, endurskinsvesti, dagbók, kort af svæðinu og vasaljós.

DAGBÓK UM FORELDRARÖLTID
Foreldrar hittast fyrir framan félagsmiðstöð skólans, Elituna, klukkan tíu á föstudagskvöldum þaðan sem gengið er. Eftir röltið er skrifuð stutt samantekt í dagbók. Þegar dagbók síðasta vetrar er skoðuð kemur fram að mjög mismunandi er hversu margir mæta í röltið, alveg frá tíu foreldrum þegar mest var í aðeins eitt foreldri sem gekk „einmanalega göngu“ í októbermánuði. Það felur í sér vissa áskorun að halda úti foreldrarölti og til þess þarf samstilltan hóp foreldra. Foreldraröltið skapar foreldrum góðan vettvang til að hittast, kynnst, ræða saman og láta sig nærsamfélag sitt varða.

SÝNUM SAMSTÖÐU, VERUM SÝNILEG OG TÖKUM ÞÁTT Í FORELDRARÖLTID.

TEXTI: ANNA MARÍA KARLSDÓTTIR OG SIGRÚN EDDA EÐVARÐSDÓTTIR
MYNDIR: SIGRÚN EDDA EÐVARÐSDÓTTIR

SEPTEMBER

Foreldrarölt á Álftanesi



- Markmið röltsins er að hafa fyrirbyggjandi áhrif og gefa skýr skilaboð um sterkt og virkt foreldrasamfélag en foreldraröltið hófst á Álftanesi árið 2008
- Foreldrarölt síðasta vetrar hófst 25.september og tók stjórn Foreldrafélagsins fyrsta röltið líkt og undanfarið ár
- Umsjónarmenn foreldraröltsins í vetur voru Anna María Karlsdóttir og Guðríður A. Kristjánsdóttir

Selfie myndir í foreldrarölti



Starfi bekkjarfulltrúa ýtt úr vör

- 30. september fyrir bekkjarfulltrúa í 1.-3. bekk
- 6. október fyrir bekkjarfulltrúa í 4.-10. bekk
- Stjórn kynnti dagskrá Foreldrafélagsins veturinn 2014-2015
 - Kynntum foreldraröltið og markmið okkar með því
 - Kynntum samskiptavef foreldra
 - Ræddum fyrirhugaða vinnu við afmælisboð skólabarna
 - Kynntum söfnunarreikninga nemenda
 - Bekkjarstarf innan hvers árgangs ýtt úr vör og bekkjarkvöld skipulögð

Tengiliðir stjórnar við bekkjarfulltrúa

- Stjórn skipaði í vetur tengiliði við bekkjarfulltrúa með það að markmiði að efla tengslin við stjórn félagsins fyrir yngsta, mið og elsta stigið.
 - 1.-3. bekkur Anna María Snorradóttir
 - 4.-6. bekkur Hafrún Þorvaldsdóttir
 - 7.-10. bekkur Auður S. Arndal

Fundur með bekkjarfulltrúum í 1.- 3.bekk - 30.september




OKTÓBER

Fundur með bekkjarfulltrúum í 4.-10.bekk - 6. október



Fyrirlestur um netfíkn 29. október

Fyrirlestur um NETFÍKN



Miðvikudaginn 29. október kl. 20.00-22.00 í sal Álfтанesskóla
Fyrirlesari: Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur

Foreldrar eru hvattir til að mæta



Um er að ræða fyrirlestur um hættur netsins með sérstaka áherslu á svokallaða "netfíkn" en rannsóknir benda til að sirka 12% reglulegra netnotenda eigi á hættu að áætjast notkun sinni.



Börn og unglingar eru sérstaklega útsett fyrir þessum vanda og því mikilvægt að foreldrar skilji vandann og viti hvað best sé að gera í málinu. Nokkuð ljóst er að netið sé komið til að vera og því þýðir lítið að loka augunum fyrir því að þar geta leynst hættur eins og annarsstaðar.



Við sendum börnin okkar ekki út í umferðina án þess að hafa kennt þeim umferðarreglurnar en við opnum oft heim netsins fyrir þeim án þess að skilja hann almennilega sjálf.



Með rétttri vitneskju og nálgun eiga allir að geta notið netsins og alls sem að það hefur upp á að bjóða án vandkvæða.

Boðið verður upp á umræður í framhaldi.

Foreldrafélag Álfтанesskóla

Mikil ánægja og góð mæting meðal foreldra með SAFT fyrirlestur um netfíkn



Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur

Ályktun um húsnæðismál

30. október 2014

Ályktun um húsnæðisvanda Álftanesskóla

Foreldrafélag Álftanesskóla skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að setja húsnæðismál skólans á oddinn og að stækkun Álftanesskóla komist inn á framkvæmdaáætlun bæjarins hið fyrsta.

Starf Álftanesskóla hefur liðið fyrir húsnæðisskort um árabíl. Engar áætlanir liggja fyrir um stækkun skólans. Ástandið er óviðunandi og hefur verið það allt of lengi.

Nú eru 450 nemendur í Álftanesskóla í 1.-10. bekk og þótt a.m.k. 11 sinnum hafi verið byggt við skólann, síðast árið 2005, er mikill skortur á fullnægjandi kennslurými. Á skólalóðinni hafa verið lausar kennslustofur í á annan áratug. Allt geymslurými er nýtt til kennslu og annars starfs skólans. Matsalur skólans er það lítill að þrískipta þarf nemendahópnum í hádegismat (11.30-13.00) og fara þarf á milli húsa sama hvernig viðrar. Sárlega vantar stærri samkomusal við skólann sem tæki mið af stærð hans og stórauðnum nemendafjölda frá því skólinn var byggður. Algjörlega óviðunandi er að starfsaðstaða sálfræðinga og annarra sérfræðinga við skólann fari fram í geymslum og skúmaskotum en núverandi aðstaða tekur ekki mið af breyttum forsendum í skólastarfi.

Algjört ófremdarástand er einnig í húsnæðismálum Frístundar þar sem starfsemin er rekin í allt of litlu bráðabirgðahúsnæði, 110 börn á 211m².

Í framkvæmdaáætlun Garðabæjar sem nær til næstu þriggja ára eru engar áætlanir um að byggt verði við Álftanesskóla. Samkvæmt tölum Hagstofunnar virðist ekki sem börnum í skólanum fari fækkandi svo nokkru nemi. Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir viðbyggingu á skólalóðinni og því er ekkert að vanbúnaði að hefjast handa.


Í ljósi alvarlegrar stöðu boðum við til opins fundar um húsnæðismál skólans miðvikudaginn 5. nóvember kl. 20 í samkomusal Álftanesskóla.

Við hvetjum alla velunnara til að mæta og sýna málefninu stuðning.

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla

NÓVEMBER

5.nóv - Fundur um húsnæðismál skólans



Að loknum fundi - Skipan rýnihóps um húsnæðismál skólans

Sent: Wednesday, November 12, 2014 8:17 AM

To: sigrunedda@prentmidlun.is

Subject: 1410458 - Húsnæðismál Álftanesskóla

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar 11. nóvember sl. var tekið fyrir bréf stjórnar Foreldrafélags Álftanesskóla varðandi úrbætur í húsnæðismálum skólans, dags. 30. október 2014.


Bæjarstjóri gerði grein fyrir umræðum á opnum fund er foreldrafélagið boðaði til miðvikudaginn 5. nóvember sl.

Bæjarráð samþykkti tillögu bæjarstjóra um að skipaður verði rýnihóp til að fjalla um húsnæðismál skólans. Bæjarstjóra var falið að koma með tillögu að erindisbréfi um skipan hópsins.


Með kveðju,
Ragnheiður Stefánsdóttir
Ritari

Foreldrafélagið gerir grein fyrir stöðu húsnæðismála í frétt í Garðapóstinum

Álftanesskóli - fjöldi nemenda



Aldursdreifing í Garðabæ 2014 - hlutfall af heild



Húsnæðisvandi Álftanesskóla

- Starf skólans hefur liðið fyrir aðstöðuleysi um árabíl
- Foreldrafélag Álftanesskóla fundar vegna Álftanesskóla

Þann 5. nóvember sl. boðaði Foreldrafélag Álftanesskóla til opins fundar um húsnæðisvanda skólans. Áður hafði Foreldrafélagið ályktað um húsnæðisvanda hans. Góður rómur var gerður að fundinum og meðal gesta voru Gunnar Einarsson bærjarstjóri, Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður skólameistarar og aðrir góðir gestir.



Álftanesskóli

Á fundinum gerði stjórn Foreldrafélagsins grein fyrir í hverju húsnæðisvandi skólans væri fölginn og að starf skólans hefði liðið fyrir aðstöðuleysi um árabíl. Afar brýnt væri að bæta úr en engar áætlanir lögju fyrir um stækkun skólans. Í skólanum eru 450 nemendur í 1. til 10. bekk. Þeim hefur fjölgað í gegnum árin en aðstaða skólans ekki fylgt þeirri þróun. Árið 2005 var síðast byggt við skólann og þá voru nemendur 368. Hafinn var undir-

búningur að fyrsta áfanga nýrrar viðbyggingar sumarið 2008 en þær áætlanir runnu út í sandinn.

Í máli Gunnars Einarssonar bærjarstjóra kom fram hvaða verkefni bærrinn legði fé í nú þegar í þágu Álftanesskóla. Má þar nefna endurbætur á skólahúsnæðinu, framkvæmdir við skólalóð og endurnýjun tækjakosts.

Í máli Gunnars kom fram að unnið væri að því að aðstaða


skólans yrði í samræmi við aðstöðu annarra skóla í Garðabæ. Svar Gunnars við ákalli Foreldrafélagsins um lausn á húsnæðisvandanum var að stofna þyrfti rýnihóp til að meta þörf skólans á stækkun.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar 11. nóvember sl. var samþykkt tillaga bærjarstjóra um að skipaður yrði rýnihópur til að fjalla um húsnæðismál Álftanesskóla.

20. nóvember - Kjaftað um kynlíf
Þrír fræðslufyrirlestrar í boði
Fræðslukvöldið unnið í samstarfi við Elítuna

Kjaftað um kynlíf

...getur þú það?



Sigga Dögg kynfræðingur
BA sálfræði, MA kynfræði

SIGGA DÖGG 

Kynfræðsla fyrir stúlkur og drengi í 8.-10. bekk og foreldra í Álftanesskóla



Kæru foreldrar

Fimmtudaginn 20. nóvember, kl. 20.30 verður boðið upp á kynfræðsluerindi fyrir bæði unglinga og foreldra á Álftanesi. Fyrirlesari verður **Sigríður Dögg Arnardóttir (Sigga Dögg)**.

Á fyrirlestri foreldra verður lögð áhersla á upplýsingagjöf og virka hlustun auk þess sem leitast verður við að svara spurningum foreldra um hvernig megi nálgast börnin sem „mögulega“ vilja hvorki ræða málin né hlusta.

Samkvæmt Landlæknisembættinu:

- eru íslensk ungmenni yngri en viðmiðunarþjóðir okkar þegar þau hefja kynmök
- eiga fleiri rekkjunausta
- smitast oftar af kynsjúkdómum
- þá eru íslensk ungmenni með hærri tíðni af unglingsþungunum

Fyrirlesturinn fer fram í **hátíðarsal Álftanesskóla frá kl. 20.30-21.30**

Við hvetjum foreldra til að mæta í **Félagsmiðstöðina Elítuna kl.20.00** og þiggja veitingar í boði Foreldrafélagsins og kynna sér starfsemina.

Aðrir fyrirlestrar þetta kvöld verða sem hér segir:

Kl. 18.30 Stúlkur 8.- 10. bekk

Kl. 19.30 Drengir 8.- 10. bekk

Kl. 20.30 Foreldrar í Álftanesskóla

Félagsmiðstöðin Elítan á Álftanesi og Foreldrafélag Álftanesskóla

Fésbókarsíða Foreldrafélagsins

- Þann 24. nóvember var fésbókarsíða Foreldrafélagsins formlega tekin í notkun.

“Markmið stjórnar er að þessi vettvangur verði jákvæð og skemmtileg viðbót við allt það sem við erum að fást við og geri starf okkar sýnilegra á góðan og gefandi hátt“.

Jóla- og góðgerðadagurinn

- Héldum **jóla- og góðgerðardag 29. nóvember 2014**
- Stærsta verkefni foreldrafélagsins undanfarin 6 ár
- Markmið dagsins hefur verið að skapa vettvang í samfélaginu og leggja góðum málefnum lið
- Þau félagasamtök sem koma að undirbúningi dagsins með Foreldrafélagi Álftanesskóla og Álftanesskóla í dag eru;
 - Lions, Bessastaðakirkja, Rauði krossinn og Garðabær.
 - Þökkum Fjarðarkaup og Samkaup fyrir góðan stuðning



Gáfum skólanum góðar bókaagjafir



4. bekkur – Tombóla til góðgerðamála

Þau söfnuðu 50.000 kr. og gáfu til tveggja góðgerðafélaga



5. bekkur - Glæsileg tískusýning í anda Grænfánastefnu skólans



6. bekkur – Vel heppnuð jólamerkiðasala



7. bekkur - Dekurhorn



10. bekkur - Kaffisala nemenda



Pegar allir leggjast á eitt



Jóla- og góðgerðadeginum gerð skil í Garðapóstinum og Fésbókarsíðu Foreldrafélagsins



Fjölmargir lögðu leið sína í vesturbæinn

Metþátttaka á vel heppnuðum Jóla- og góðgerðadegi á Álfanesi

Laugardaginn 29. nóvember var Jóla- og góðgerðadagurinn haldinn hátíðlegur í sjórtá sinn á Álfanesi. Að sögu Sigrúnar Eddu Elvarðsdóttur formanns Foreldrafélags Álfnesskóla höfðaðist dagurinn við skemmtilega vel en fjölmargir lögðu leið sína í vesturbæinn.

Í kvöldið var haldið Kærleikskveðja í Álfnesskóla. Álfnesskólinn var fullur af börnum og foreldrum. Önnur áttunda dagsins líkt og umboðarinn.

anfarin ár. „Við höfum nýtt þennan dag til góðra verka og m.a. til að efla enn frekar gott samstarf heimilis og skóla eins og framlag nemenda, foreldra og skólans endurspeglar,“ segir Sigrún. „Kærleikskveðja nemenda í Álfnesskóla er dæmi um skemmtilega heild sem skapast hefur í gegnum árin og gaman er að segja frá en þá hafa nemendur lagt Kærleikskveðju í hvert hlíð í heila nágrenni dagsins fyrir Jóla- og góðgerðadaginn. Önnur áttunda dagsins líkt og umboðarinn.

orðin órjúfanlegur hluti af undirbúningi dagsins og farin að skapa skemmtilega eftirvæntingu meðal íbúa.“

Takk fyrir
Við vonum að allir þeir sem mættu hafi notið dagsins og viljum við nota tækifærið og þakka öllum þeim sem lögðu okkur ló á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra framlag.

Myndirnar tóku Elvarð þór Eyrðarsson og Ingrid Kuhlman.



DESEMBER

Stjörnuver

Uppblásinn himinngeimur
Fyrir nemendur í 3. 6 og 9. bekk



Foreldrafélagið hefur styrkt þetta verkefni á hverju ári. Í fyrra gafst ekki tækifæri á að koma þessu við og var því boðið upp á Stjörnuverið í ár í desember fyrir bæði núverandi nemendur í 3. 6. og 9. bekk og fyrir nemendur sem voru í 3. 6 og 9. bekk á síðasta skólaári.

JANÚAR

Hagir og líðan ungs fólks í Garðabæ - 27. janúar



Til foreldra / forráðamanna nemenda 8., 9. og 10. bekkja í Garðabæ

- Fundarboð -

Niðurstöður unglingarannsóknna Viðhöldum góðum árangri

- Vorið 2014 tók Garðabær þátt í rannsókn sem ber heitið „Hagir og líðan ungs fólks í Garðabæ“, líkt og gert hefur verið undangengin ár. Rannsóknin er gerð af fyrirtækinu Rannsóknir og greining. Svör ungmenna í Garðabæ sýna ágætar niðurstöður.

Þó eru nokkur atriði sem gefa ástæðu til að skoða málin betur, m.a. áfengisneysla og samvera fjölskyldna. Mannréttinda- og forvarnanefnd Garðabæjar, foreldrafélög, skólar og félagsmiðstöðvar í Garðabæ bjóða foreldrum og forráðamönnum ungmenna í ofantöldum bekkjum að koma til fundar þar sem niðurstöðurnar verða kynntar af rannsakendum.

Á fundinum gefst tækifæri til að þetta hópinn og stilla saman strengi í því að skapa enn betra umhverfi fyrir unga fólkið okkar.

Staður og stund: Garðaskóli, þriðjudaginn 27. janúar 2015, kl. 20 til 21

Með góðri kveðju -
Mannréttinda- og forvarnanefnd
Foreldrafélög Álftanesskóla, Garðaskóla og Sjálandsskóla.

Ályktun vegna skóladagatala 2015–2016

Sveinbjörn M. Njálsson skólastjóri Álftanesskóla

Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar

Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður skólanefndar grunnskóla Garðabæjar

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla og fulltrúar foreldra í skólaráði gera athugasemdir við drög að skóladagatali sem skólastjóri lagði fram á fundi skólaráðs þann 28. janúar 2015 til kynningar og umsagnar.

Tillaga skólastjórnenda er að vetrarfrí skólaárið 2015–2016 í grunnskólum Garðabæjar verði vikuna 8.–12. febrúar þar sem bolludagur, sprengidagur og óskudagur falla undir.

Foreldrafélag Álftanesskóla í samstarfi við Álftanesskóla og félagsmiðstöðina Elítuna hafa staðið að myndarlegri óskudagsskemmtun í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi undanfarin ár. Nemendur í 10. bekk hafa að stórum hluta komið að undirbúningi þessa dags með stuðningi foreldra og starfsmanna félagsmiðstöðvar. Dagur þessi hefur verið einn stærsti liður í fjáröflun nemenda fyrir útskriftarferð þeirra að vori. Hluta af ágóða þessa dags hafa nemendur varið í góða gjöf til samfélagsins og félagsmiðstöðin Elítan notið góðs af.

Dagurinn hefur öðlast mikinn sess í okkar nærsamfélagi og óskudagsskemmtunin er yngstu bæjarbúunum mikið tilhlökkunarefni. Að óbreyttu skóladagatali er fyrirséð að ekki verði af óskudagsskemmtuninni. Leyfum börnunum að njóta bæði óskudagsins og vetrarleyfisins og stuðlum þannig að mikilvægum samverustundum foreldra og barna.

Garðabæ, 17. febrúar 2015

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla

Fulltrúar foreldra í skólaráði Álftanesskóla

FEBRÚAR

Við lok skólagöngu – hvað tekur við?

3.febrúar



Við lok skólagöngu í 10. bekk – hvað tekur við?

Fundur með foreldrum barna í 10. bekk

Hvænær: Þriðjudaginn 3. febrúar frá kl. 20.00-21.30

Hvar: Í sal Álftanesskóla

Við ætlum að hittast í sal Álftanesskóla og fá til okkar Kristínu Helgadóttur námsráðgjafa í Álftanesskóla.

Markmið fundarins er að ræða um mikilvægi þeirra tímamóta sem eru fram undan hjá nemendum í 10. bekk og að hvernju þurfi að huga, fyrir og við skólalok.

Hvað er um að velja?

Hvernig velja nemendurnir nám, námsbraut og framhaldsskóla?

Hvernig geta foreldrar og skóli stutt við nemendur í námsleitinni?

Hvernig er innritunarferlinu háttað?

Vorumst til að sjá sem flesta en á fundinum ætlum við einnig að ræða fyrirhugað skólaferðalag nemenda og öskudagsskemmtunina 18. febrúar sem er ein stærsta fjáröflun nemenda í 10. bekk.

Foreldrafélag Álftanesskóla og bekkjarfulltrúar í 10. bekk



Öskudagsskemmtun Foreldrafélagsins

18. febrúar

ÖSKUDAGSSKEMMITUN 2015

ÍDRÓTTAMÍÐSTÖÐ ÁLFANESS

KL. 16.00-18.00

ADGANGSEYRIR 500 KR.

1 PIZZASNEIÐ OG GOS KR.500
2 PIZZASNEIÐAR OG GOS 700 KR.

DRAUGAHÚS
HOPPUKASTALAR
SPÁKONA
RISARÓLA
DRAUTABRAUT
INNIBANDÝ
ANDLITSMÁLING



Öskudagur

- Nemendur í 10. bekk og foreldrar þeirra komu að framkvæmd dagsins, sbr. miðasölu, veitingasölu, ofl.
- 80% af ágóða dagsins rann í útskriftarsjóð 10 bekkjar og 20% sem gjöf nemenda og foreldra til Elítunnar Félagsmiðstöðvar
- Foreldrafélagið styrkir og styrkti núna leigu á tveimur hoppuköstulum þennan dag í samstarfi við Álftanesskóla

Öskudagsskemmtun Foreldrafélagsins

Vel heppnuð öskudagsskemmtun Foreldrafélagsins



Fundur 23. febrúar fyrir stjórnir foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráðum allra grunnskóla í Garðabæ á vegum Grunnstoðar

Dagskrá

- Hver skóli kynnti sitt foreldrastarf
- Hvernig má efla samstarf heimilis og skóla í Garðabæ?
- Forvarnardagatal Grunnstoða og grunnskóla Garðabæjar kynnt - farið í hugmynda- og hópavinnu

MARS

Páskabingó Foreldrafélagsins - 12. mars

nemendur í 9. bekk aðstoða við framkvæmd dagsins



PÁSKABINGÓ

Fimmtudaginn 12. mars

Fyrir nemendur og foreldra barna í 1.-6. bekk:

í íþróttasalnum

Húsið opnar kl. 17.15

Bingóið hefst: 17.30

Fyrir nemendur í 7.-10. bekk:

í hátíðarsal Íþróttamiðstöðvar

Húsið opnar kl. 19.45

Bingóið hefst: 20.00

Verð á spjaldi: 300 kr.

Tvö spjöld: 500 kr.

Pizza og drykkur 500 kr.

ALLIR
VELKOMNIR

FRÁBÆRIR
VINNINGAR
Í BOÐI

Foreldrafélag Álftanesskóla

Páskabíngó 12.mars



▪ Halðið tvisvar sama daginn

- Í íþróttasal fyrir nemendur og foreldra í 1.- 6. bekk
- Í hátíðarsal íþróttamiðstöðvar um kvöldið fyrir nemendur í 7.-10. bekk

Vel heppnað og mjög góð mæting

Foreldrafélagið styrkti nemendur í 9. bekk en

- Þeir aðstoðuðu við skipulagningu og framkvæmd dagsins og sáu um:
 - Uppröðun og frágang á salnum
 - Sölu á bingóspjöldum og veitingum



Nemendur í 4. bekk afhentu tveimur góðgerðafélögum styrk að upphæð 50.000 kr

Afrakstur fjáröflunar sem nemendur stóðu fyrir á Jóla- og góðgerðadaginn afhentur þann 26. mars sl.

- Fjölskylduhjálpi Íslands – 25.000 kr
- Ljónshjarta – Stuðningsfélag fólks sem misst hefur maka og börn þeirra sem misst hafa foreldri - 25.000 kr.



APRÍL

Fræðslufyrirlestur Grunnstoðar 14.apríl



Kvíði barna og unglinga – hvað er til ráða?

Fræðslukvöld fyrir foreldra í Garðabæ
14. apríl kl. 20.00 í Sjálandsskóla

Kvíði barna og unglinga – hvað geta foreldrar gert?

Berglind Brynjólfsdóttir, sérfræðingur í klínískri barnasálfræði og starfandi sálfræðingur á Barnaspítala Hringins.

Er barnið þitt að kikna undan álagi og áreiti samfélagsins?

Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir frá Hugarfrelsi munu m.a. kenna foreldrum einfaldar og áhrifaríkar aðferðir til að takast á við kvíða, einbeitingarskort, vanmáttarkennd og brotna sjálfsmynd.



Garðabær



INTERNATIONAL
SCHOOL of Iceland



ALFTANESSKÓLI
- skóli um líf og vinnu -



Flataskóli
Garðabæ



Garðaskóli
Garðabæ



Hofsstaðaskóli
Garðabæ



SJÁLANDS
SKÓLI



Grunnstoð Garðabæjar er samstarfsvettvangur foreldrafélaga og skólaráða í grunnskólum Garðabæjar.

Foreldrar í Garðabæ mættu mjög vel og var bókstaflega fullt út úr dyrum



Fræðslufyrirlestur um sexting 27.apríl

Foreldrafundur var hafinn þegar ég laumaðist inn í Álftanesskóla að kvöldi 27. apríl, en þar hafði tækifærið verið nýtt til að fara yfir ýmis mál sem varða foreldrafélagið. Ég nýtti tækifærið til að fá mér kaffi og veiða uppáhaldsmolann minn upp úr Macintosh dollu (þessi langi gyllti með karamellunni) áður en ég var kynnt til leiks.

Margt barst í tal í umræðum kvöldsins, svo sem hvernig siðferðismörk taka breytingum með hverri kynslóð. Þá var rætt sérstaklega um fatareglur á Samfés böllum, sem miða við að sokkabuxur séu ekki gegnsæjar, að ekki sjáist í nærföt o.fl.

Skólastjórinn, sem var viðstödd fyrirlesturinn, lagði orð í belg og sagði að mikill munur væri á fatavali unglinga í dag og fyrir nokkrum árum, þegar oft sást í meira af beru holdi en nú tíðkast. Þó er vert að velta því fyrir sér hvort forvitni og sýnþörf unglinga hafi kannski bara færst yfir í athæfi eins og sexting, því ólíklegt verður að teljast að hún hafi hreinlega hætt að vera til.

Þótt undirrituð hafi verið ánægð með mætinguna höfðu sumir viðstaddir á orði að þeir hefðu viljað sjá hvert einasta foreldri í skólanum í salnum, svo mikilvægur fannst þeim boðskapur fyrirlestrarins. Mér til ánægju var ennþá til langur gylltur Macintosh moli í lok kvölds, sem ég fékk í veganesti. Ég þakka kærlega góðar umræður og sætindi, kæri Álftanesskóli!

Bórdís Elva Þorvaldsdóttir – tekið af vef www.Vodafone.is



MAÍ

Fundur um stöðu húsnæðismála og stöðu Álftanesskóla í samræmdum könnunarprófum



FORELDRAFÉLAG ÁLFTANESSKÓL STENDUR FYRIR OPNUM FUNDI ÞRIÐJUDAGINN 12. MAÍ KL. 20.00 Í SAL ÁLFTANESSKÓLA

Við fáum til okkar góða gesti og hvetjum
foreldra/forráðamenn til að mæta

Staða húsnæðismála Álftanesskóla

Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar

Hvað segja samræmdu könnunarprófin okkur?
Álftanesskóli og aðrir grunnskólar í Garðabæ

Katrín Friðriksdóttir, deildarstjóri skóladeildar Garðabæjar

Foreldrafélag Álftanesskóla

Staða húsnæðismála og uppbygging á aðstöðu og aðbúnaði íprótta- og skólamannvirkja

Þann 13. maí fengum við upplýsingar um eftirfarandi:

- Á fundi bæjarráðs 12. maí sl. var tekið fyrir minnisblað forstöðumanns fræðslu- og menningarsviðs varðandi húsnæðismál Álftanesskóla.
- Bæjarráð samþykkti að unnið verði að framkvæmdum við gervigrasvöll á Álftanesi eins og gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun ásamt því að vinna að viðhaldi Álftanesskóla samkvæmt áætlun ársins 2015.
- Bæjarráð samþykkti að áfram verði unnið að greiningu og skoðun á húsnæðismálum Álftanesskóla sem komi til nánari skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.

Tilnefning til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2015



Haldnir í 20. sinn, þann 20. maí 2015

Við fengum tvær tilnefningar

- Foreldrafélagið fékk tilnefningu fyrir Jóla- og góðgerðadaginn
- Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Foreldrafélags Álftanesskóla fékk tilnefningu sem Dugnaðarforkur Heimilis og skóla



Það voru tveir skólar í Garðabæ sem fengu tilnefningu til Foreldraverðlauna: Alþjóðaskóli og Álftanesskóli.

Tilnefningar til Foreldraverðlauna



FORELDRAVERÐLAUN 2015
VIÐURKENNING

*Foreldrafélag Alftanesskóla hlýtur tilnefningu
til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2015
fyrir jóla- og góðgerðadaginn á Alftanesi*

Reykjavík, 20. maí 2015

Anna Margrét Sigurðardóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir
formaður Heimilis og skóla

Gísli H. Guðlaugsson
Gísli H. Guðlaugsson
formaður dómnefndar



FORELDRAVERÐLAUN 2014
VIÐURKENNING

*Foreldrafélag Alftanesskóla og Alftanesskóli
hljóta tilnefningu til Foreldraverðlauna Heimilis
og skóla 2014 fyrir lombóluskerfni 4. bekkjar
Alftanesskóla til styrktar góðgerðarmálum*

Reykjavík, 8. maí 2014

Anna Margrét Sigurðardóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir
formaður Heimilis og skóla

Gísli H. Guðlaugsson
Gísli H. Guðlaugsson
formaður dómnefndar



FORELDRAVERÐLAUN 2012
VIÐURKENNING

*Foreldrafélag Alftanesskóla
hlýtur tilnefningu til Foreldraverðlauna
Heimilis og skóla 2012 fyrir
jóla- og góðgerðardag*

Reykjavík, 16. maí 2012

Ketill B. Magnússon
Ketill B. Magnússon
formaður Heimilis og skóla

Borghildur Jónsdóttir
Borghildur Jónsdóttir
formaður dómnefndar



Kynningarfundur með verðandi foreldrum barna í 1.bekk

- Þann 21. maí fékk formaður Foreldrafélagsins tækifæri á að kynna stuttlega starf félagsins og mikilvægi foreldrasamstarfs.
- Rætt um mikilvægi þess að foreldrar líti á foreldra- og bekkjarstarfið sem samstarfsverkefni til 10 ára en ekki afplánun til eins árs.

JÚNÍ

Fundur Grunnstoða með bæjarstjóra

- Stjórn Grunnstoða átti fund 2. júní með bæjarstjóra Garðabæjar og skólaskrifstofu að Bjarnastöðum um áherslumál Foreldrafélaganna í bæjarfélaginu.

Áherslur stjórnar Foreldrafélags Álftanesskóla voru að þessu sinni m.a.:

- Geymsluskápar fyrir nemendur
- Tölvukaup fyrir skólann
- Húsnæðismál Frístundar – bráðabirgðalausn og framtíðarfarvegur



Afhentum Líknarsjóði Álftaness peningagjöf

- Afhentum Líknarsjóði Álftaness peningagjöf að verðmæti, 150.000 kr. sem var afrakstur jóla- og góðgerðadagsins en hlutverk Líknarsjóðsins er að veita þeim íbúum sveitarfélagsins aðstoð sem verða fyrir áföllum t.d. vegna slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra óviðráðanlegra orsaka
- Með gjöfinni í ár og síðustu tveggja ára höfum við gefið sem nemur 625.000 kr.



Gott að hafa í huga við afmæli skólabarna

- Stjórn samþykkti á stjórnarfundum sínum að Bjarnastöðum þann 2. júní sl.
- Hægt að nálgast inn á heimasíðu skólans (sjá á næstu glæru)

Gott að hafa í huga við afmæli skólabarna

Góður bekkjarbragur skiptir máli. Það að tilheyra hópnum, búa við öryggi og líða vel er þáttur sem við foreldrar getum haft mikil áhrif á. Einn liður í þessu er samræmi í afmælisboðum en hvernig og hverjum er boðið í afmæli getur verið viðkvæmt meðal barna. Í upphafi hvers skólavetrar er gott að við foreldrar ræðum þessi mál. Markmiðið með þessu er að koma í veg fyrir að eitt barn eða fá séu óvart skilin út undan.

Til að heimili og skóli starfi í takt höfum við tekið saman nokkur atriði sem gott er að hafa í huga og vert er að vekja athygli foreldra á:

Boðsmiðar í afmæli á skólatíma

Hægt er dreifa boðsmiðum (merktum hverjum boðsgesti) í afmæli á skólatíma en það skal gert í samráði við viðkomandi umsjónarkennara að uppfylltu einu þessara atriði:

- Að öllum strákum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið
- Að öllum stelpum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið
- Að öllum nemendum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið

Ef boðsmiða fyrir einn eða fleiri nemendur vantar hefur kennari samband við foreldra og lætur vita svo unnt sé að bæta úr þannig að dreifing miðanna geti farið fram.

Það getur verið gott að nýta Mentor til að láta foreldra vita að afmælisboðsmiðum hafi verið dreift í skólanum eða á árgangsiður okkar á Fésbókinni eigi það við. Komið hefur fyrir að nemendur gleymi afmælisboðsmiða í töskunni sinni og missi þar af leiðandi af afmæli.

Stundum útbúa börnin boðsmiðana sjálf og getur verið gott fyrir foreldri að yfirfara þá og tryggja að allt sé eins og það á að vera svo unnt sé að dreifa miðunum í skólanum.

Boðsmiðar í afmæli utan skólatíma

Ef ætlunin er að bjóða fáum nemendum í bekk afmælisbarnsins eða fáum úr báðum bekkjum hvort sem það eru stelpur eða strákar eru foreldrar beðnir um að dreifa boðsmiðum utan hefðbundins skólatíma.

Hvað á að gefa?

Á hverju hausti mælumst við til að foreldrar ræði og komi sér saman um leiðbeinandi viðmið varðandi afmælisgjafir og upphæðir ef um peningagjafir er að ræða.

Að lokum

Foreldrafélag Álfthanesskóla hvetur foreldra til að eiga gott samstarf sín á milli meðan skólaganga barnanna stendur yfir og minnir á að gott samstarf foreldra er grunnur að góðu og virku forvarnarskerfi.

Foreldrafélag Álfthanesskóla,
samþykkt á stjórnarfund 2. júní 2015

Söfnunarreikningar nemenda

- Reikningar sem Foreldrafélagið hefur umsjón með
- Stjórn samþykkti formlega á stjórnarfund 2. júní sl.
- Ætlað að gefa betri yfirsýn yfir fjáraflanir okkar og vinnureglur vegna fjáraflana sem nemendahópar skólans koma að.
- Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans
- Á síðasta ári var unnið að því að koma söfnunarreikningum nemenda til Foreldrafélagsins.

**Söfnunarreikningar nemenda í 6.-10. bekk Álftanesskóla
sem Foreldrafélag Álftanesskóla hefur umsjón með**

REGLUR

1. Hver árgangur frá 6. upp í 10. bekk á sérstakan söfnunarreikning sem Foreldrafélag Álftanesskóla hefur umsjón með. Söfnunarreikningar fylgja árgöngum út 10. bekk.
2. Markmið söfnunarreikninga er margvætt en fyrst og fremst að létta undir með foreldrum/forráðamönnum í tengslum við skipulagðar skólaferðir nemenda og útskriftarferð þeirra við skólalok í Álftanesskóla.
 - a. Skólaferðir nemenda í Álftanesskóla eru:
 - i. Ferð nemenda í 7. bekk að Reykjum í Hrútafirði
 - ii. Ferð nemenda í 9. bekk að Laugum í Sælingsdal
 - iii. Útskriftarferð nemenda í 10. bekk
 - b. Viðmiðunarkostnaður (2015) á hvern nemenda er eftirfarandi:
 - i. Reykir um 30.000 kr. (gisting, uppihald og rúta)
 - ii. Laugar um 25.000 kr. (gisting, uppihald og rúta)
 - iii. Útskriftarferð 25.-30.000 kr.
3. Gjaldkeri Foreldrafélagsins hefur einn heimild til millifærslu eða greiðslu út af þessum reikningum í samráði við kjörna bekkjarfulltrúa.
 - a. Millifærslur eða greiðslur út af þessum reikningum skulu fyrst og fremst tengjast fyrrnefndum skólaferðum nemenda nema bekkjarfulltrúar í samráði við foreldrahópinn ákveði annað.
 - b. Á aðalfundi Foreldrafélagsins skal gjaldkeri þess greina frá innstæðu eftirfarandi söfnunarreikninga allra árganga frá 6.-10. bekk samhliða kynningu á ársreikningi félagsins:
 - 2003/2008/2013 - 0140-26-011483
 - 2002/2007/2012 - 0140-26-011487
 - 2001/2006/2011 - 0140-26-011486
 - 2000/2005/2010 - 0140-26-011485
 - 1999/2004/2009 - 0140-26-011484
4. Bekkjarfulltrúar hvers árgangs frá 6.-10. bekk hafa það hlutverk að halda utan um söfnunarreikninga nemenda og hlut hvers og eins nemanda innan hvers árgangs.
5. Bekkjarfulltrúar hafa þá ábyrgð að senda gjaldkera í lok hvers skólaárs afrit af sundurliðun á inneign og hlut hvers nemenda innan hvers árgangs.

VIÐURKENNINGAR OG GJAFIR FRÁ FORELDRAFÉLAGINU AFHENTAR Á AÐALFUNDI

4. JÚNÍ 2014

Gjafir til skólans

Heyrnarhlífar: Það er von okkar að gjöf þessi komi til með að nýtast nemendum skólans vel í náminu.



Álskilti fyrir hjólapumpu: Við viljum vekja athygli íbúa í Garðabæ á þeim búnaði sem þarna er til staðar og styðja á sýnilegan hátt við öfluga hjólamenningu meðal skólabarna á Álftanesi.



Sveini Bjarnasyni var veitt viðurkenning fyrir alúð og umhyggjusemi í sínu starfi sem gangbrautavörður við Álftanesskóla



Sigríði Klingenberg var þakkað fyrir hjálpsemi og góðvild í þágu foreldrasamfélagsins á Álftanesi vegna Jóla- og góðgerðadagsins.



Steinunni Sigurbergsdóttur deildarstjóra Álftanesskóla var þakkað frábært samstarf en þau eru fjölmörg verkefnið sem Foreldrafélagið og Álftanesskóli standa sameiginlega að.



Takk, **Gunnar, Anney og Kristján** 😊



Sigrúnu Eddu, Guðríði Önnu og Önnu Maríu var þakkað sérstaklega fyrir þeirra störf í þágu Foreldrafélags Álftanesskóla



Ný stjórn kjörin á aðalfundi 2015



Frá vinstri: Selma Dagbjört Guðbergisdóttir, Hafrún Þorvaldsdóttir, Anna María Snorradóttir, Auður S. Arndal, Elín Hlíf Helgadóttir, Ingólfur Th. Bachmann og Eiríkur Ágúst Guðjónsson